Tvær gamansögur.

1. 300 ára læknisráð.
2. Fyrsta sínni á Bío. 25.

2 blöð qto.

## 300 ára læknisráð.

Þrjúhundruð ára gömul ráðlegging læknis. – Hvaðan? Kemur ekki málinu við.

Gigt og verkir, hvar sem eru, í fótum, baki, lærum eða lendum, ef nuddaðir eru upp úr brennivíni við heitan eld, svíar kvölin

Hver sem fær hæsi, beri í hálsinn brennivín og súpi á því á fastandi maga í þrjá morgna.

Hver sem fær hósta, drekki brennivín, og mun honum batna.

Hver sem illa heyrir, láti drjúpa brennivín í eyru sér, og mun hann þegar heyra betur.

Hver sem drekkur eitt spónblað af brennivíni á hverjum morgni, einkum gamlir menn, börn og kvenfólk, þá verða þeir trauðla veikir, því það eyðir slími því, er sjúkdómum veldur.

Hver sem stöðugt vætir sig dálítið í brennivíni á hverjum morgni, þá drepast í honum hverskyns ormar, sem eru um hjartað, lungun og lifrina.

Ef maður missir málið undir andlátið, þá skal dreypa brennivíni í munn honum og mun hann þegar fá málið. – Kaðu bata!

X Byrjun

## Fyrsta sinni í Bíó.

13.

Sveitabóndi nokkur fór með konuna sína í kynnisför til Reykjavíkur og sýndi henni þar „öll ríki veraldarinnar og þeirra dýrð". Meðal annara skemtana, sem þau nutu þar, var að fara á Nýja Bíó og að sjá mynd nokkura, þar sem lögregluþjónar Parísarborgar eru að elta uppi innbrotsmenn og bófa.

Þegar að því kemur, að lögregluþjónn einn hefir haft uppi á bófa nokkrum sem var að brjóta upp peningaskáp, en nú verður lögregluþjónsins var og flýr undan honum, úr einu herberginu í annað, kemur það fyrir, ~~að~~ í myndinni, að lögregluþjónninn missir af bófanum og veit ekki hvað af honum hefir orðið eða inn í hvaða herbergi, af ótal mörgum, hann hefir hlaupið og stendur nú lögregluþjónninn nokkur augnablik ráðalaus á gólfinu og er að átta sig á því, inn í hvaða herbergi bófinn muni nú hafa farið .... Stendur sýningargesturinn, eða sveitabóndinn upp úr sæti sínu og bendir hendi sinni til lögregluþjónsins, um leið og hann segir, svo hátt sem honum lá rómur til:

Sko, þarna! – Hann skaust þarna inn! – Sko, um þessar dyr! nei, ekki þessar, heldur þær sem nær mér eru! – Gáðu bara!